



Stjórnarfundur 5 miðvikudaginn 28. mars 2012 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl, Valdimar Hafsteinsson.

Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson og Óskar Hauksson.

Dagskrá

- Ársþing BLÍ
- Ársreikningar/Fjármál
- Landsliðsmál, A lið og unglingslið
- Árs- og uppskeruhátíð BLÍ
- Önnur mál

Fundargerð

Ársþing BLÍ

- ✓ Þingið verður 12. maí og ekki búið að ákveða fundarstað þar sem Íþróttamiðstöðin er upptekin.
- ✓ Lög sambandsins og breytingar á þeim – skjal lagt fyrir stjórnarfund með uppfærslu á lögum sambandsins m.a. í samræmi við lagabreytingu ÍSí.
- ✓ Reglan um sjö leikjahæstu til umræðu. Rætt var um að endurskoða þurfi reglugerðina m.t.t. leikmanna yngri flokka.
- ✓ Rætt var um heiðranir í tilefni afmælis BLÍ.

Ársreikningar/Fjármál

- ✓ Fjármálin eru á svipuðu róli og árið 2010. Tap ársins er um 200 þúsund og munar þar helstu á milli ára að landsliðsferðir eru fleiri og kostnaðarsamari.
- ✓ Skuldir hafa minnkað og standa í rúmu þremur milljónum.

Landsliðsmál

- ✓ Unglingalandslið. Sendum U17 og U19 til keppni í haust. A landsliðin. Þrjú þjálfarar á tvö lið. Apostol áfram með kvennaliðið og Zdravko með strákana, Magnús Aðalsteinsson ráðinn sem aðstoðarþjálfari.
- ✓ Bréf frá Fríðu Sigurðardóttur tekið fyrir. Nokkur umræða var um erindið og niðurstaðan þannig að því verður svarað á viðeigandi hátt.
- ✓ Til stendur að funda með landsliðsþjálfurum á næstu dögum.

Árs- og uppskeruhátíð BLÍ

- ✓ Stjórn BLÍ og formönnum nefnda er boðið á hátíðina.

Önnur mál

Bréf tekin fyrir.

- ✓ Sigurbjörn Árni Arngrímsson – fyrirkomulag í neðri deildum. Tekið fyrir og afgreitt þannig að gera áhugakönnun með 3. deild kvenna, hvort eigi að leika heima/heiman eða í túrningu. Mótanefnd er falið að gera könnunina.
- ✓ Yngriflokkaneftnd BLÍ fer fram á það að úrslitakeppninni verði flýtt um 1 viku til að það rekist ekki á Íslandsmót yngriflokka. Umræða var um bréfið og ákveðið að úrslitakeppnin verði ekki færð, heldur ef til þriðja leiks kemur í kvennaflokki verði hann þriðjudaginn 17. apríl.

- ✓ Bréf frá Fylki. Tekið fyrir og rætt. Niðurstaða sú að JÍ svarar bréfinu.
- ✓ Bréf frá UMFG. Bréf tekið fyrir og niðurstaðan þannig að UMFG skal greiða sektina.
- ✓ Bréf frá Þrótti Nes er varðar agabrot. Bréfið tekið fyrir og rætt. Niðurstaða er þannig að bréfinu verður svarað og tekið undir með Þrótti Nes að hegðan þjálfarans sé ódregileg. Stjórn BLÍ vísar erindinu ekki til aganefndar BLÍ.
- ✓ Bréf frá Þrótti Nes er varðar ferðakostnað í bikarkeppni BLÍ. Bréfið tekið fyrir. Svar: Bréfið móttekið og Þrótti Nes bent á ferðasjóð ÍSÍ. BLÍ er því miður þröngur stakkur búinn í fjármálum og hefur ekki bolmagn til að stofna slíkan sjóð í bili.
- ✓ Bréf frá Viðari Sigurjónssyni, KA. Bréfið tekið fyrir og niðurstaðan sú að stjórn BLÍ skori á blakdeild Stjörnnunnar til að greiða blakdeild KA mótsgjald fyrir 2.flokks lið karla í bikarkeppni yngriflokka eins og félaginu ber að gera.
- ✓ Fyrirspurn frá Öldungi Trölla 2012. Heiðranir á öldungaþingi. Stjórn BLÍ þykir ekki ástæða til heiðrana á öldungaþingi.
- ✓ Tilkynnt að BLÍ hefur boðið fram Júlíus Hafstein sem kandidat í þróunarnefnd FIVB.
- ✓ Tæknifundur NEVZA á morgun, 29. og 30. mars í Færeyjum. Magnús Aðalsteinsson verður okkar fulltrúi á fundinum.

Næsti fundur áætlaður fyrir ársþing BLÍ.

Fundi slitið kl. 18:30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð